

allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. október 1978.

Nr. 239/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Karli Sævari Baldvinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Tórfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Guðmundur Kristjánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

I.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Eru brot þau, er ákæra 26. október 1976 lýtur að, svo og brot, er greinir í töluliðum I, III og IV í ákæru 10. nóvember 1976, heimfærð til réttra lagaákvæða í héraðsdómi.

Brot þau, sem greinir í ákærulið II í ákæru 10. nóvember 1976, varða við þau refsíákvæði, sem héraðsdómur beitir, að því undanskildu, að akstur ákærða á bifreiðina Ö 3672 hinn 21. júní 1976 varðar eingöngu við 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, en 1. mgr. 37. gr. tæmir sök, eins og hér stendur á.

II.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða. Vegna ákæruatriða þeirra, er greinir í ákæru dags. 26. október 1976 og í I í ákæru dags. 10. nóvember s. á., auk annarra

kæruatriða, sem ekki er fjallað um í máli því, sem hér er til úrlausnar, var ákærði í sakadómi Keflavíkur hinn 6. nóvember 1976 úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum, auk þess sem kveðið var á um rannsókn á geðheilbrigði hans á þeim tíma. Sætti hann síðan gæsluvarðhaldi til 22. desember s. á., er hann var látinn laus. Þykir rétt að ákveða, að gæsluvarðhaldstími þessi komi refsingu ákærða til frádráttar með fullri dagatölu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svipta ber ákærða ökuleyfi í þrjú ár. Samkvæmt héraðsdómi sætti hann ökuleyfissviptingu í tvö ár frá 23. ágúst 1976. Verður hann því nú til viðbótar þessum tveim árum sviptur ökuleyfi í eitt ár frá birtingu þessa dóms að telja.

Bótakrafa lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli er í héraði á því byggð, að í fjarveru Sigurðar Jóns Friðrikssonar lögreglumanns vegna áverka þeirra, er hann hlaut af völdum ákærða, hafi embættið orðið að borga aukavinnu, samtals 239.646 krónur, dagana 1. júní 1976 til 14. júlí sama ár. Ágreiningslaust er, að Sigurður Jón fékk greidd laun, meðan hann var frá vinnu dagana 1. júní 1976 til 14. júlí s. á. Ekki er komið fram í málinu, hverri fjárhæð þær greiðslur námu. Enn fremur er viðurkennt, að ákærði hafi greitt Sigurði Jóni nokkrar fébætur vegna áverkanna, en ekkert nánar upplýst um þær greiðslur. Þegar af þessum ástæðum verður að vísa framangreindri bótakröfu frá dómi í máli þessu.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að ekki sé fram komið í málinu, að Aðalheiður Hávarðsdóttir hafi orðið fyrir atvinnumissi vegna meiðsla þeirra, er hún hlaut af völdum ákærða. Verða henni því ekki dæmdar bætur fyrir atvinnutjón. Hún á hins vegar rétt til nokkurra bóta fyrir þjáningar og óþægindi svo og fyrir útlagðan kostnað. Þykir eftir atvikum mega láta sitja við ákvörðun héraðsdómara á fjárhæð fébóta þessara.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 100.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 100.000 krónur.

Það athugast, að ýmsir þeir lögreglumenn, sem hafa haft afskipti af ákærða í sambandi við brot hans, svo og nokkur önnur vitni að þeim hafa eigi komið fyrir dóm.

Mál það, sem höfðað var á hendur ákærða með ákæruskjali 26. október 1976, sætti sókn og vörn fyrir dómi, sbr. 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Var það munnlega flutt í sakadómi Keflavíkur 23. júní 1977 og dómtekið sama dag. Málið, er höfðað var með síðari ákærinni, dags. 10. nóvember 1976, sætti eigi meðferð samkvæmt síðastnefndri lagagrein. Var skrifleg vörn í því lögð fram í sakadómi 30. júní 1977, sbr. 123. gr. og 1. mgr. 135. gr. laga nr. 74/1974, og það dómtekið jafnframt því sem málin voru þá sameinuð. Réttast hefði verið að sameina mál þessi fyrir málflutning og láta hann fara fram í einu lagi samkvæmt áðurnefndri 130. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Karl Sævar Baldvinsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Frá refsingu hans skal með fullri dagatölu draga gæsluvarðhald hans frá 6. nóvember 1976 til 22. desember s. á.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 3 ár, þar af í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Aðalheiði Hávarðsdóttur 51.750 krónur. Að öðru leyti er skaðabótakröfum í máli þessu vísað frá sakadómi.

Akvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 8. júlí 1977.

Mál þetta hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómnum með tveim ákæruskjölum, dags. 26. okt. og 10. nóv. sl., á hendur Karli Sævari Baldvinssyni, Hringbraut 59, Keflavík, en áður að Háaleiti 26, Keflavík, fæddum 8. nóv. 1939 á Sauðárkróki. Var það framan af rekið sem tvö mál, en við dómtöku þess síðara hinn 30. f. m. voru þau sameinuð.

Með fyrirnefndu ákærinni er ákærði sakaður um „að hafa aðfaranótt laugardagsins 31. maí 1975 skammt frá byggingum nr. 634 og 635 á Keflavíkurflugvelli slegið Sigurð Jón Friðriksson, lögreglumann, Njarðargötu 1, Keflavík, með þeim afleiðingum, að nefbein, hægra kjálkabein svo og neðsti hluti sperrileggs hans brotnaði.“

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu fébóta, ef krafist verður, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með síðarnefndu ákærinni er málið höfðað gegn ákærða:

I.

„Fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa föstudaginn 31. janúar 1976 ráðist á stúlkuna Aðalheiði Hávarðsdóttur, Egilsbraut 9, Neskaupstað, á heimili ákærða í húsinu nr. 26 við Háaleiti í Keflavík, snúið upp á hægri handlegg hennar og barið hana nokkur högg í andlitið og síðan elt hana út úr húsinu og ráðist á hana aftur þar á götunni, snúið upp á handleggi hennar og slegið hana niður.“

II.

Fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 með því að hafa að kvöldi mánudagsins 21. júní 1976 ekið bifreiðinni Ö 3565 undir áhrifum áfengis og ógætilega frá Háaleiti í Keflavík, þannig að er ákærði ók bifreið sinni eftir Suðurgötu þar í bænum, rakst hún utan í aðra bifreið, er þar stóð. Hélt ákærði áfram förinni, þótt hann yrði árekstursins var.

III.

Fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, með því að aka sunnudaginn 6. júní 1976 bifreiðinni Ö 3565 frá Lang-

holtsvegi 198 í Reykjavík áleiðis til Keflavíkur, þrátt fyrir að ákærði væri undir áhrifum áfengis og nefndri bifreið væri áfátt um búnað ljósa, hemla og hjólbarða, þar til löggæslumenn heftu för ákærða á Kringlumýrarbraut þar í borginni.

IV.

Fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga með því að hafa föstudaginn 14. maí 1976 ekið bifreiðinni Ö 3565 frá Háaleiti 26 í Keflavík að Suðurgötu þar í bænum, þótt ákærði væri undir áhrifum áfengis.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1958 13/11 í Hafnarfirði: Dómur: 1.200 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði, fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1961 25/9 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir meint brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1962 9/3 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1962 28/3 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir umferðarlaga-brot.
- 1962 29/3 í Keflavík: Sátt, 390 kr. sekt fyrir brot á 28. og 37. gr. umferðarlaga.
- 1962 28/6 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir umferðarlaga-brot.
- 1962 29/11 í Keflavík: Sátt, 290 kr. sekt fyrir brot á 47. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1962 6/12 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1962 6/12 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 1.600 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1964 28/1 í Keflavík: Sátt, 1.900 kr. sekt fyrir brot á 16., sbr. 41. gr. og 18., sbr. 39. gr. áfengislaga. Ólöglegur hagnaður, kr. 125, gerður upptækur.
- 1964 23/10 í Keflavík: Dómur: 1.000 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

- 1965 20/1 í Keflavík: Áminning fyrir brot á 46. gr. i. f. umferðarlaga.
- 1965 23/8 í Keflavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 37., 49., 50. og 40. gr. umferðarlaga.
- 1966 21/11 í Keflavík: Áminning fyrir brot á 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 1967 6/3 í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga.
- 1971 11/3 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.
- 1971 18/3 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
- 1972 28/8 í Keflavík: Sátt, 14.000 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Upptækar 3 flöskur af áfengi.
- 1973 13/2 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1973 5/3 í Keflavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 26., 37. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1974 8/4 Gullbringusýslu: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og 66. gr. tolllaga.

1.

Aðfaranótt laugardagsins 31. maí 1975 var óskað eftir aðstoð lögreglunnar að byggingu 635 á Keflavíkurflugvelli vegna Íslendinga, sem þar höfðu verið í handalögmálum. Segir lögreglumaður í skýrslu sinni, að hann hafi farið á staðinn við annan mann, og voru þar fyrir Sigurður Friðriksson ásamt eiginkonu sinni og samferðamanni, Kristjáni I. Helgasyni, Njarðargötu 5, Keflavík, svo og fjöldi annars fólks, sem lögreglumaðurinn kunni ekki nöfn á. Síðan segir orðrétt í skýrslunni: „Sigurður var illa haldinn, alblóðugur, annað augað sokkið, með blóðnasir og gat ekki stigið í annan fótinn. Valdur að þessari misþyrmingu var talinn vera Karl Sævar Baldvinsson, Háaleiti 26, Keflavík, er hann var spurður um þátt sinn í atburði þessum svaraði hann „ekki ætlaði eg að láta drepa mig.“ Ekki voru sjáanleg nein merki þess á Karli, að hann hefði lent í slagsmálum.“

Síðar segir í skýrslunni, að einu vitnin að slagsmálum þessum hafi verið tveir menn, sem voru staddir í anddyri byggingar 638, í um 70 til 80 metra fjarlægð. Sé nafn annars þeirra J. O. Wallace,

en nafn hins mannsins vissi lögreglumaðurinn ekki, þar sem hann var farinn af staðnum. Í niðurlagi skýrslu sinnar segir lögreglumaðurinn, að Sigurði hafi verið ekið heim til sín ásamt fleira fólki, sem með honum var.

Fjórum dögum síðar fór rannsóknarlögreglumaður af Keflavíkurflugvelli á heimili nefnds Sigurðar að Njarðargötu 1 í Keflavík vegna atviks þessa. Tjáði hann lögreglumanninum, að hann mundi kæra atvikið sem líkamsárás og leggja fram tilheyrandi læknisvottorð. Óskaði hann eftir því, að rannsókn yrði hafin í málinu, og hófst hún samdægurs við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli. Hafði læknir verið kallaður heim til Sigurðar þann 1. júní, og í framhaldi af skoðun hans hafði Sigurður verið sendur í röntgenmyndatöku. Í vottorði sínu kemst læknirinn, Kjartan Ólafsson héraðslæknir, að þeirri niðurstöðu, að Sigurður sé beinbrotinn og með brotið hægra kjálkabein og neðsta hluta sperrileggs.

Sigurður kveðst hafa farið upp á Keflavíkurflugvöll að skemmta sér ásamt eiginkonu sinni og nefndum Kristjáni föstudagskvöldið 30. maí 1975. Hafi þau fyrst farið í „Top of the Rock“ klúbbinn og verið þar, uns honum var lokað, líklega milli kl. 0100 og 0200, og þá haldið að byggingu 635, en þar séu ýmiss konar spilataeki og einnig sé hægt að hlusta á tónlist á barnum þar. Er þau voru rétt nýlega komin þangað, kveður hann þau hafa ákveðið að fara heim. Hafi þau þá verið stödd á efri hæð hússins, og minnir Sigurð, að hann hafi hitt ákærða, er þau hjónin voru komin á neðri hæðina. Minnir hann, að þeir hafi tekið tal saman þar, en kveðst ekki muna, um hvað þeir töluðu, en sennilega hafi það verið um ofsóknir lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli á hendur ákærða. Taldi Sigurður, að þeir hefðu rætt saman mjög skamma stund þarna inni og síðan gengið út á grasflöt fyrir framan bygginguna og þar haldið áfram lítils háttar umræðum. Muni hann þar síðast eftir sér og síðan ekki fyrr en hann var kominn inn í lögreglubífið. Hafi hann beðið báða lögreglumennina, sem í bifreiðinni voru, að aka sér heim. Sagði Sigurður, að hann hefði aldrei átt í neinum útistöðum við ákærða, og fullyrti, að um engin slagsmál hefði verið að ræða þarna á grasflötinni. Hann kvaðst hafa verið undir nokkrum áfengisáhrifum, en muna nokkuð vel, hvað fram fór.

Ákærði kvaðst hafa byrjað drykkju um kl. 1900 á heimili sínu í Keflavík og haldið síðan upp á Keflavíkurflugvöll um kl. 2000

til 2100. Fór hann fyrst í liðsforingjaklúbbinn, en síðan í byggingu 635. Með honum hafi farið Ólafur Skúlason, en þeir orðið viðskila í klúbbnum.

Ákærði man ekki eftir að hafa hitt Sigurð inni í byggingunni og man ekki, hvar þeir hittust fyrst, en man, að þeir voru að rífast eitthvað á grasflötinni fyrir utan bygginguna. Um hvað, mundi hann ekki.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir neinum slagsmálum öðrum en þeim, að Sigurður hefði legið á jörðinni allt í einu, alblóðugur. Kvaðst hann minnast þess, að hann hefði kallað til eiginkonu Sigurðar, „að hún væri vitni að þessu“, en ekki mundi hann hvers vegna. Sagði hann eiginkonuna vera einu manneskjuna, sem hann mundi eftir, að verið hefði viðstödd deilu þeirra Sigurðar. Minnti hann endilega, að þeir hefðu verið á hlaupum þarna fyrir utan, en ekki mundi hann, hvor þeirra var á eftir, og hafi það verið þá sem hann kallaði til eiginkonu Sigurðar, að hún væri vitni að þessu. Annars kvaðst ákærði muna mjög óljóst eftir atvikum öllum vegna ölvunar. Hann sagðist þó muna, þegar lögreglan kom á staðinn og hafi hann þá verið að stumra yfir Sigurði og þurrkað framan úr honum blóð með vasaklút sínum. Hann kvaðst hins vegar ekki muna til að hafa sagt við Einar Arason lögregluþjón: „Ekki ætlaði ég að láta drepa mig.“

Ákærði kvaðst muna greinilega, að hann hefði verið að tala við eiginkonu Sigurðar á barstúkunni á efri hæð byggingarinnar, en mundi ekki, hvort það var fyrir eða eftir átökin. Áleit hann helst, að Sigurði hefði mislíkað eitthvað, þegar ákærði ræddi við eiginkonu hans, og það hafi þá verið áður en deilur þeirra hófust. Kvað hann Sigurð aldrei hafa gert neitt á hluta sinn og ætti hann ekkert sökótt við hann og hefðu þeir aldrei lent í neinum úti-stöðum.

Ekki mundi ákærði eftir, að neinn Bandaríkjamaður hefði yrt á sig eða hann átt orðaskipti við neinn Bandaríkjamann. Ekki mundi hann heldur eftir neinum Íslendingum, sem hann þekkti þarna í byggingunni.

Áðurnefndur Einar Þór Arason lögregluþjónn bar, að rétt um kl. 0300 fyrrgreinda nótt hefði verið hringt á varðstofu lögreglunnar og óskað eftir aðstoð svo fljótt sem unnt væri upp að byggingu 635 og væri mikið um að vera. Var það Bandaríkjamaður, sem hringdi. Hafi hann farið á staðinn ásamt Hjalta Sigurðssyni lögregluþjóni. Fyrir utan bygginguna þarna var Sigurður Frið-

riksson, studdur af Kristjáni Inga Helgasyni og einhverjum Bandaríkjamanni, sem hann vissi ekki nafnið á. Einnig hafi verið þarna eiginkona Sigurðar og milli 15 og 20 Bandaríkjamenn. Hafi það komið frá hópnum, að ákærði hefði gert þetta og kæmi enginn annar til greina.

Einar Þór kvað ákærða hafa verið þarna á grasflötinni í fyrstu, en síðan sest inn í leigubifreið, sem þarna var, og kvaðst Einar Þór hafa beðið hann að bíða eftir, að hann kæmi að tala við hann. Sagði Einar Þór, að hann hefði farið yfir að byggingu 638 og talað þar við Bandaríkjamanninn James Wallace, sem hefði kallað á hann. Hafi James þessi sagt þeim lögregluþjónunum, að þessi skeggjaði maður, og þá bent á ákærða, þar sem hann sat í leigubifreiðinni, hefði gert þetta. Sagði Einar Þór Bandaríkjamanninn hafa sagt sér, að ákærði og Sigurður hefðu staðið á grasflötinni og hreyft sig lítils háttar og hafi hann haldið, að um smátusk hefði verið að ræða, þar til allt í einu, að sá skeggjaði hefði „really laid it on him,“ eða kýlt hann sundur og saman.

Einar Þór kvað ákærða hafa verið með alskegg. Hann kveðst síðan hafa farið og talað við hann og það eina, sem hann hafi sagt, væri: „Ekki ætlaði ég að láta drepa mig“. Sagðist Einar Þór þá hafa sýnt á sér einhvern vantrúnað og hafi ákærði þá sagt: „Spurðu bara konuna hans Sigga.“

Einar Þór sagði, að sér hefði virst ákærði vera vel undir áhrifum áfengis, en að sínu mati ekki verið tiltakanlega ölvaður. Ekki gat hann séð það á ákærða, að hann hefði lent í ryskingum. Hefði hann verið alveg rólegur, en sér hafi virst hann vera eitthvað hræddur og hafi hann gefið það ótvírætt til kynna, að hann hefði verið annar aðili máls þessa.

Varnarliðsmaðurinn James O. Wallace kvaðst hafa farið út úr byggingu 638 líklega um þrjú leytið umrædda nótt til að huga að kettinum sínum. Hefði hann þá séð tvo menn á grasflötinni milli bygginga 634 og 635. Sá hann þá greinilega, þar sem fjarlægðin milli hans og þeirra hefði ekki verið nema 50—60 metrar. Sagði hann annan manninn hafa haldið handleggjunum upp og fram og hefði hann verið með hendurnar opnar. Hafi mennirnir hreyft sig lítils háttar fram og aftur eins og í hálfhring. Varnarliðsmaðurinn kveðst hafa séð, að allt í einu hafi hinn maðurinn, sem var með alskegg, slegið með sveiflu í andlit mannsins, sem var í varnarstöðu, og hafi sá sigið niður um leið. Hafi maðurinn síðan slegið liggjandi og hreyfingarlausan manninn tvisvar í andlitið. Hafi

hann í fyrra högginu reitt hnefann hátt á loft og síðan fylgt á eftir, þar til hann small í andliti hins og þá endað með hnéð á jörðinni, en í þeirri stellingu hafi hann gefið liggjandi manninum seinna höggið, en það taldi varnarliðsmaðurinn ekki hafa verið nærri eins mikið og hið fyrra. Ekki kvaðst varnarliðsmaðurinn hafa séð, að maðurinn hefði sparkað í þann liggjandi. Varnarliðsmaðurinn sagði stúlku hafa staðið við innganginn á byggingu 635, í um 6—8 metra fjarlægð frá mönnunum, en hún hafi farið inn í bygginguna strax eftir fyrsta höggið. Taldi hann hana hafa verið með ljósbrúnt hár og klædda brúnni kápu. Kvaðst hann ekki minnst þess að hafa séð hana aftur. Hann kvaðst hafa hlaupið í áttina til mannanna og kallað til þess, sem var að berja liggjandi manninn, og hefði sá þá flýtt sér inn í bygginguna. Hafi hann einnig farið þar inn og beðið um að hringt yrði á sjúkrabíl og íslensku lögregluna. Við barinn á efri hæðinni hafi hann séð árársmanninn, sem þá var að takast á við Íslending. Hafi varnarliðsmenn gengið á milli. Varnarliðsmaðurinn kvaðst síðan hafa farið út aftur að huga að hinum slasaða og hafi fleiri fylgt á eftir, þar á meðal árársmannurinn. Tveir menn hafi þá haldið Sigurði uppi í sitjandi stöðu. Síðan segir orðrétt í endurriti dómsrannsóknarinnar: „Vitnið segir kærða hafa gengið til slasaða, tekið upp vasaklút og byrjað að þurrka blóð af nefi hans og um leið spurt á ensku „who hit you“ í miklum spurnartón.

Vitnið segist þá hafa sagt: „I don't know why you are asking him that when you hit him“.

Vitnið segir kærða þá hafa snúið sér við og litið á sig illilega (with a dirty look) og hafi hann starað á sig, en ekki sagt neitt.“

Varnarliðsmaðurinn kvaðst ekki hafa verið farinn að sofa, þegar atburður þessi átti sér stað og ekki hafi hann verið undir áfengisáhrifum. Vann hann eið að framburði sínum.

Eiginkona Sigurðar, Guðný Guðmundsdóttir, sagði, að þau hefðu komið í byggingu 635 ásamt fleira fólki. Hafi hún dvalið við leiktækin niðri, en Sigurður líklega haldið upp á efri hæðina, þar sem barstúkan var, en þangað hafi hún haldið eftir nokkra stund. Hafi hún setið þar, þangað til eiginmaður hennar sagði við hana, að nú skyldu þau koma heim. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir neinum hávaða eða látum þarna uppi og ekki séð ákærða þarna inni, en hann þekkti hún. Hún kvaðst hafa setið þarna og spjallað við gamla vinkonu sína allan tímann og ekki gert sér grein fyrir, hvað tímanum leið, en það hafi þó ekki verið mjög

lengi, sem þau dvöldu þarna. Guðný kvaðst ekki hafa tekið eftir, hvenær eiginmaður sinn fór úr barstúkunni heimleiðis, en hann hafi þó farið á undan henni. Þegar hún kom niður, kvaðst hún ekki hafa séð nokkurn mann og því gengið út. Jafnskjótt og hún opnaði dyrnar hafi hún séð ákærða og eiginmann sinn, þar sem þeir stóðu á grasflötinni fyrir utan bygginguna. Ekkert hafi þeir verið að slást, en allt í einu hafi ákærði gefið eiginmanni hennar högg á andlitið ofanvert, milli augnanna, að því er hún taldi, og hafi hann þá hnigið niður og legið hreyfingarlaus. Kveðst Guðný þá hafa hlaupið inn og upp til að ná í hjálp og séð Kristján Inga fyrir framan barstúkuna og kallað á hann „komdu fljótur“ og ekki gefið sér tíma til þess að skýra neitt út fyrir honum, nema ef til vill hafi hún bætt því við, að hann skyldi hlaupa út og hjálpa honum Sigga. Hafi hún verið í miklu uppnámi. Kristján Ingi hafi hlaupið út á blettinn og einnig hafi fleira fólk farið út. Sagðist Guðný hafa hlaupið út á eftir, staðið á stéttinni fyrir framan bygginguna smástund, en síðan farið inn aftur og spurt, hvort búið væri að hringja á lögregluna. Hafi þá ákærði komið inn með miklum æðibunugangi og sett í hana olnbogann eða höndina, þannig að hún datt. Kvaðst hún hafa orðið alveg undrandi og sagt: „Maðurinn hrindir mér“, og hefði ákærði þá komið aftur og reist hana upp, en síðan þotið eitthvað. Ekki kvaðst Guðný hafa tekið eftir, hvernig ákærði var klæddur, en taldi, að hann hefði verið í jakka þarna úti á flötinni, en mundi ekki, hvernig á litinn. Hún kvað ákærða hafa verið með alskegg.

Guðný kvað ákærða ekkert hafa kallað til sín, þegar hún sá þá fyrst úti, og það sé alveg öruggt, að hún hafi ekki séð ákærða um kvöldið fyrr en þarna. Þá sagði hún, að ákærði hefði ekkert sagt við hana, þegar hann reisti hana upp. Vitnið kvaðst hafa verið í brúnni kápu í umrætt sinn. Hún kvaðst ekkert geta sagt um, hve ákærði var undir miklum áfengisáhrifum, en henni hafi ekki virst, að hann væri neitt sérstaklega ölvaður. Hún sagði eiginmann sinn hafa verið þó nokkuð ölvaðan og sjálf hafi hún verið lítils háttar undir áhrifum áfengis, en hún myndi greinilega, hvað fram hefði farið.

Kristján Ingi Helgason segir, að hann hafi farið með Sigurði í leigubífreið að byggingu 635 um kl. 0230 um nóttina, en eiginkona Sigurðar hafi farið með einhverjum vinkonum sínum í annarri bífreið þangað. Segir hann þá fyrst hafa farið inn í billjardherbergi á neðri hæð hússins og hafi hann farið að spila billjard

og ekkert tekið eftir, hvað varð af Sigurði. Kvaðst hann ekki hafa spilað nema nokkrar mínútur og síðan haldið upp á efri hæðina og inn á barinn. Þar hafi ákærði verið fyrir, og kveðst hann hafa sagt við hann, „að vallarpassin hans hefði komið í leitirnar skömmu eftir að hann týndi honum.“ Ekki mundi Kristján Ingi, hverju ákærði svaraði, en það hafi verið eitthvað á þá leið, að hann væri búinn að fá passann í hendurnar. Ekkert fleira hafi farið þeirra á milli. Ekkert kvaðst Kristján Ingi hafa tekið eftir Sigurði þarna inni á barnum, en hann dvaldi þar örsamma stund, en fór síðan fram í holið fyrir framan og hóf að spila fótbolta-spil, sem þar var. Ekkert tók hann eftir, hvort einhverjir yfir-gáfu barstúkuna. Er hann hafði spilað í stutta stund, að mati sínu, hafi eiginkona Sigurðar öskrað á hann, en hvað, mundi hann ekki. Hann kvaðst hafa hlaupið niður og út og ekki veitt neinu athygli nema Sigurði, þar sem hann lá. Segir hann, að korrað hafi í Sig-urði og hann gefið frá sér smástunur. Hafi hann strax haft á til-finningunni, að hann væri að kafna, og því reist hann strax upp. Hafi þá komið blóðgusa úr munni og nefi. Hafi þá verið eins og Sigurður færi að ranka við sér og hafi umlað í honum. Kvaðst Kristján Ingi hafa verið með allan hugann við Sigurð og veitt því litilli sem engri athygli, sem fram fór í kringum þá. Minntist hann þess að hafa séð ákærða á lengdar, en ekki kvaðst hann hafa gert sér neina grein fyrir, hver hefði veitt Sigurði áverkann. Að mjög skömmum tíma liðnum hafi lögreglan komið á staðinn, og um það leyti kvaðst hann hafa heyrt, að ákærði væri valdur að þessu. Segist hann hafa hjálpað lögregluþjónunum að koma Sig-urði inn í lögreglubifreiðina, og var þeim síðan ekið heim til Sigurðar. Kvað hann sér hafa verið lánað handklæði til að halda fyrir vit Sigurðar og hafi það verið svo gegnvott af blóði, að mátt hafi vinda það, er heim til Sigurðar var komið.

Helga Agnarsdóttir Babcock, vitni í málinu, kvaðst hafa verið að skemmta sér í byggingu 635 umrædda nótt. Hafi hún verið á barnum á efri hæðinni, farið síðan niður að spila og þegar hún kom upp aftur, hefði ákærði, sem hún þekkir, verið þar fyrir. Sagði Helga, að með sér hafi verið Þórdís Karlsdóttir og hefði ákærði verið að rifast og þvæla í þeim. Hafi hún margsinnis verið búin að segja honum að þegja og láta þær í friði, án árangurs. Að um klukkutíma liðnum hefði Sigurður, sem hún þekkir, komið og allan þann tíma hafi ákærði verið með hávaða og læti og meðal annars verið að rifast við barþjóninn. Helga kvaðst ekki

hafa orðið vör við, að ákærði hefði lent í handalögmálum þennan tíma. Kvað hún ákærða hafa staðið við endann á barnum, er Sigurð bar að, og hefði hann um leið byrjað að þvæla í honum og sagði Helga, að hún hefði heyrt ákærða segja: „Helvítis auminginn þinn, við skulum fara út.“ Fleira sagði hann um leið og hann gekk til Sigurðar, en ekki greindi Helga það. Kvað hún Sigurð þá hafa sagt: „Komdu hér og sestu hérna, við skulum tala um þetta.“ Kvað Helga Sigurð hafa sest um leið og hann kom inn í barstúkuna, en ekki sá hún, hvort ákærði settist hjá honum, þar sem hún hafi farið niður að spila billjard í þennan mund. Þegar hún fór upp aftur að ná í Þórdísi nokkru síðar, sagðist hún hvorki hafa séð ákærða né Sigurð, en strax fundið Þórdísi og þær yfirgefið staðinn. Hún kvaðst álíta, að ákærði hefði ekki verið undir miklum áfengisáhrifum og kvaðst oft hafa séð hann miklu drukknari. Sagði hún Sigurð hafa verið mjög drukkinn og hefði hún aldrei séð hann jafn drukkinn áður. Helga sagði, að eiginkona Sigurðar hefði komið inn á barinn annað hvort rétt á eftir eða undan honum, og minntist hún þess ekki, að ákærði hefði talað neitt við hana. Virtist Helgu, að kona Sigurðar væri undir áfengisáhrifum, en frekar litlum. Sjálf sagðist Helga hafa verið akandi í umrætt sinn og alls ekki smakkað áfengi.

Hreinn Ingólfsson kvaðst hafa komið að byggingu 635 einhvern tíma um þrjú leytið umrædda nótt. Var hann ásamt félagi sínum Stefáni Guðmundssyni í leigubifreið, sem Finnur Þórðarson ók. Er þeir óku fram hjá byggingunni, sáu þeir þar hóp manna saman kominn. Kvaðst Hreinn hafa farið út að athuga, hvað um var að vera, og þá séð Kristján Inga Helgason vera að fara með Sigurð Friðriksson, sem hann kvað hafa verið töluvert illa útleikinn í andliti og haltan þar að auki, inn í lögreglubifreið. Sagðist Hreinn ekki hafa talað við neinn þarna og snúið aftur í leigubifreiðina. Hafi ákærði, sem hann þekkir, þá verið þar fyrir. Hafi herlögreglumenn staðið við bifreiðina og bannað bílstjóranum að aka af stað, en eftir nokkrar mínútur hafi Einar Arason lögregluþjónn komið og sagt, að það væri í lagi, að þeir færu, þar sem nóg vitni væru að þessu.

Hreinn sagði, að þeir Stefán hefðu farið að spyrja ákærða, hvað þarna hefði komið fyrir, og hefði hann þá sagt, að þeir Sigurður hefðu orðið ósáttir í byggingunni og leikurinn borist út og hann hefði orðið að verja sig. Hefði ákærði viljað gera sem minnst úr þessu og ekki gert sér grein fyrir, að þetta væri alvarlegt, og hefði

ekki verið talað meira um þetta. Hann kvað ákærða hafa verið rólegan og engin merki borið um, að hann hefði lent í slagsmálum. Sagði Hreinn, að aðeins hefði verið hægt að merkja, að ákærði væri undir áfengisáhrifum, og sjálfur kvaðst hann hafa verið lítið eitt undir slíkum áhrifum.

Finnur Þorvaldsson leigubílstjóri kvaðst hafa ekið með nefndu Hrein og Stefán umrædda nótt. Hann segist ekki hafa séð nein átök milli ákærða og Sigurðar, en báða þekkir hann í sjón. Hins vegar hafi hann séð Sigurð þarna, blóðugan í andliti og haltrandi, studdan af Kristjáni Inga. Skömmu eftir að hann stansaði þarna, kvað Finnur ákærða hafa sest inn í bílinn án leyfis. Minnti hann, að ákærði hefði á orði, að hann hefði gefið Sigurði á kjaftinn, og var helst á ákærða að heyra, að Sigurður hefði átt upptökin að átökunum. Finnur kvaðst hafa ekið farþegum sínum heim til ákærða, eftir að Einar lögregluþjónn hafði komið að bifreiðinni og leyft ákærða að halda leiðar sinnar. Ekki taldi hann ákærða hafa verið mikið undir áfengisáhrifum, og enga áverka eða blóð kvaðst hann hafa séð á honum, er hann ók honum heim.

Niðurstöður.

Ákærði hefur aldrei játað beinlínis að hafa framið atferli það, sem hér er borið á hann, en heldur ekki neitað því. Hins vegar kannast hann við að hafa verið að rífast við Sigurð Friðriksson á grasflötinni fyrir framan byggingu 635 og kveðst ekki muna eftir neinum slagsmálum öðrum en þeim, að Sigurður hafi legið á jörðinni, alblóðugur. Ekki muni hann eftir neinum, sem voru viðstaddir deilu þessa, nema eiginkonu Sigurðar. Samkvæmt þessu þykir heitfestur framburður vitnisins James O. Wallace tvímælaust eiga við um samskipti ákærða og Sigurðar Friðrikssonar, enda er framburður hans í samræmi við framburði hins slasaða og eiginkonu hans, svo langt sem þeir ná. Þegar þetta er virt svo og vætti annarra vitna, þykir enginn vafi leika á því, að ákærði sé sekur um að hafa slegið Sigurð Jón Friðriksson í umrætt sinn. Þykja áður lýst brot á andlitsbeinum Sigurðar stafa beinlínis af höggi eða höggum ákærða, en öðru máli gegnir um brotið á sperrileggnum. Verður þó að telja, að það hafi orðið, er Sigurður féll við af fyrsta höggi ákærða. Allir þessir áverkar þykja vera svo miklir, að varði við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi ákærða hefur bent á, að James O. Wallace var eigi látinn endurþekkja ákærða í hópi annarra manna svo og að af

gögnum málsins verði ekki séð, að löggildur dómtúlkur hafi verið til aðstoðar við yfirheyrslur yfir varnarliðsmanni þessum. Um fyrrnefnda atriðið er það að segja, að varnarliðsmaðurinn er ekki einn til frásagnar um háttsemi ákærða, svo sem áður er lýst, enda hefur rannsókn málsins frá upphafi einungis beinst gegn ákærða sem árásarmanni Sigurðar. Verður einnig að hafa í huga, að varnarliðsmaðurinn bendir Einari Arasyni lögreglumanni strax á vettvangi á ákærða sem þann, er sló Sigurð. Um síðarnefnda atriðið er það að segja, að telja verður lögreglumann þann og rannsóknardómara, sem önnuðust yfirheyrslur í málinu einfæra um að snúa ensku yfir á íslensku, sbr. og 6. mgr. 40. gr. og 4. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

2.

I.

Mánudaginn 3. febrúar 1975 mætti Aðalheiður Hávarðsdóttir, þá til heimilis að Egilsbraut 9, Neskaupstað, en nú að Strandgötu 37, Eskifirði, hjá rannsóknarlögreglunni hér í bæ og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás hans á sig föstudagsnóttina næst á undan. Kveðst hún hafa farið með ákærða upp á Keflavíkurflugvöll á föstudagskvöldinu að skemmta sér, en haldið með honum á heimili hans, sem þá var að Háaleiti 26, þegar skemmtistaðnum var lokað um kl. 0100. Ekki var þar annað fólk. Þegar hún ætlaði á brott, kvað hún ákærða ekki hafa viljað leyfa það og hafi hann heimtað, að hún sæti kyrr. Hafi hann snúið upp á hægri handlegg hennar og barið hana í andlitið. Eftir nokkra stund komst hún út úr húsinu og hljóp niður götuna, en hann hafi komið á eftir. Við barnaskólann þar neðar í götunni náði hann henni, og sagði hún hann hafa barið sig í götuna, togað í hárið á sér og snúið upp á hendur sínar. Hafi hún hljóðað og reynt að gera vart við sig, án árangurs. Eftir nokkra stund hafi ákærði farið í burtu frá henni, þar sem hún lá í götunni. Kveðst hún hafa komist á fætur og haldið áleiðis að lögreglustöðinni, en á Skóla-vegi hafi ákærði síðan komið í leigubíl og hafi verið með honum maður, sem hún vissi ekki nafnið á. Hafi ákærði opnað eina hurðina og sagt henni að setjast inn í bifreiðina. Gerði hún það og bað um, að sér yrði ekið á lögreglustöðina, en það var ekki hægt, og hélt hún áfram þangað fótgangandi. Segist Aðalheiður hafa gert lögregluvarðstjóranum á vakt grein fyrir erindi sínu og hafi hann bent henni á að afla læknisvottorðs og kæra síðan árásina.

Í vottorði Arnbjarnar Ólafssonar læknis, dags. 1. febr. 1975, segir, að Aðalheiður hafi komið til skoðunar kl. 0250 þann dag vegna meiðsla, er hún hafi hlotið. Síðan segir:

„Hún kvartar um verk og sársauka við hreyfingu í hægri olnbogalið.

Við skoðun sést talsverður bólgubroti í liðnum og neðan hans, og eru hreyfingar í liðnum sársaukafullar. Ekki eru beinlínis ein-kenni um brot, svo að ekki var fengin röntgenmynd þegar í stað.

Aðra áverka var ekki að finna, enda kvartar stúlkan ekki um meiðsli annars staðar.“

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki verið samþykkur því, er Aðalheiður vildi halda á brott úr húsi hans þarna um nóttina. Hafi hann hindrað hana í þessu með því að halda í hana. Síðan hafi hann skroppið aðeins frá, sennilega á salerni, og er hann kom aftur, var Aðalheiður farin út. Sá hann til ferða hennar, þar sem hún hljóp eftir götunni. Kveðst hann hafa hlaupið hana **uppi** á mótum Skólavegar og Faxabrautar, tekið höndum um hana og reynt að hefta för hennar, en engu tauti hafi verið við hana komandi. Minntist hann þess að hafa verið að tuskast eitt-hvað þarna við hana. Sagði hann, að Aðalheiður hefði brotist um og reynt að komast frá honum, en hann haldið henni. Í þessum átökum hafi hún dottið í götuna, en mikil hálka var á. Reyndi hann að hjálpa henni á fætur, en hún ekki viljað pigga hjálpina. Hróaði hún og kallaði, en hvað, mundi hann ekki. Hafi þau síðan haldið hvort sína leið, hann niður Faxabraut, en hún Skólaveg. Sagðist hann muna næst, að hann var kominn upp í leigubifreið og skömmu síðar hafi hann hitt Aðalheiði, þar sem hún var á gangi á mótum Tjarnargötu og Hringbrautar. Bauðst hann til að aka henni, en ekki var hann viss, hvort hún kom inn í bifreiðina. Vildi hún fara á lögreglustöðina, en það vildi ákærði ekki, og hélt hún því áfram gangandi. Ekki vissi hann, hvað varð af henni eftir þetta.

Ákærði kvaðst ekki hafa barið Aðalheiði og neitaði því að hafa nokkuð meitt hana. Hann kvað þau hafa verið nokkuð ölvuð um-rædda nótt. Ekki minntist hann þess, að annar farþegi hefði verið í leigubifreiðinni.

Við rannsókn lögreglunnar í máli þessu fengust þær upplýs-ingar hjá Sigtryggi Kjartanssyni leigubílstjóra, að hann hefði verið að aka farþega þessa nótt, og minnti hann, að sá hétí Bjarni. Er hann ók Skólaveg, kom ákærði að bifreiðinni og settist í hana,

og stuttu síðar ók hann fram á Aðalheiði. Hafði hún sest inn í bifreiðina að vilja ákærða, en farið út úr henni eftir nokkurn spöl, þar sem ákærði vildi ekki aka henni á lögreglustöðina. Leigubílstjórinn upplýsti og, að þau hefðu bæði verið ölvuð, en ekkert kvað hann hafa komið fram um deilumál þeirra í bifreið sinni.

Óskar Ársælsson, Skólavegi 44, Keflavík, gaf þá skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að umrædda nótt hefði hann komið akandi að heimili sínu. Skammt þar frá sá hann ákærða og Aðalheiði, sem hann þekkti lítið, vera að rífast. Lá Aðalheiður og grét og hrópaði hátt, en ekki heyrði Óskar, hvað það var. Yfir henni stóð ákærði, en ekki sá Óskar hann koma við hana. Gekk hann inn á heimili sitt og sagði móður sinni, hvað væri að gerast þarna fyrir utan. Fór hún út og vildi síðan kalla lögregluna til, en hann bað hana að vera ekkert að skipta sér af þessu. Kvað hann ákærða hafa kallað til þeirra og sagt á þá leið, að þau skyldu koma sér inn og ekkert vera að skipta sér af þessu. Sá Óskar það síðast til þeirra, að bæði gengu sína leið, hún niður Skólaveg, en ákærði niður Faxabraut.

Hvorki Óskar, Sigtryggur né aðrir en ákærði og Aðalheiður hafa komið fyrir dóm út af máli þessu. Hefur ákærði staðfastlega haldið sig fast við framanlýstan framburð sinn og Aðalheiður sömuleiðis við sinn fyrir sakadómi Eskifjarðar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið höndum um Aðalheiði Hávarðsdóttur og haldið henni fastri og þannig reynt að hefta för hennar. Gerðist þetta bæði í íbúð hans að Háaleiti 26 svo og á mótum Skólavegar og Faxabrautar, en þangað elti ákærði hana til að hefta för hennar. Einnig tuskaði hann hana þar eitthvað til. Þegar þetta er virt, þykir hann sannur að því að hafa framið líkamsárás aðfaranótt föstudagsins 31. janúar 1975 með því að ráðast á Aðalheiði, þannig að hún féll í götuna, og varðar athæfið við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með tilliti til þeirra áverka, sem hún hlaut. Í ákæru er sagt, að árás þessi hafi átt sér stað nefndan dag árið 1976 í stað 1975, svo sem fram hefur komið. Kemur þetta ekki að sök með tilvísun til 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Hins vegar verður gegn neitun ákærða að telja ósannað, að hann hafi barið Aðalheiði nokkur högg í andlit og slegið hana niður nefnda nótt. Er þá nefnt vottorð læknisins einnig haft í huga, þar sem segir, að aðra áverka hafi ekki verið að finna en í hægri olnbogalið Aðalheiðar, enda kvarti hún ekki um meiðsli

annars staðar. Ber því að sýkna ákærða af þeim liðum ákærunnar, sem að þessu lúta.

II.

Mánudagskvöldið 21. júní 1976, kl. 2355, hringdi Bjarni Stefánsson, Suðurgötu 33, Keflavík, á lögreglustöðina hér í bæ og kvaðst hafa séð bifreiðina Ö 3565 aka framan á bifreiðina Ö 3672, sem stæði kyrrstæð og mannlauð fyrir framan hús nr. 40 á Suðurgötu. Hefði fyrrnefndu bifreiðinni síðan verið ekið á brott af staðnum. Bjarni tjáði lögreglunni enn fremur, að ákærði hefði verið öku- maður bifreiðarinnar.

Rúmum hálf tíma síðar fundu lögreglumenn ákærða, þar sem hann var á gangi á mótum Hafnargötu og Vatnsnesvegjar. Var hann óviðræðuhæfur sökum ölvunar og því færður í fangageymslu. Bifreið ákærða fannst síðan kl. 0115 við Æskulýðsheimilið á Austurgötu, og var peningaveski ákærða í henni og bankabók, hvort tveggja með miklum fjármunum. Engir lykjar að bifreiðinni fundust í henni eða á ákærða. Engar skemmdir sáust á bifreiðunum, en sjá mátti, að farið hafði verið utan í gúmmí á framhöggvara bifreiðarinnar Ö 3672.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni morguninn eftir viðurkenndi ákærði að hafa neytt áfengis kvöldið áður á þáverandi heimili sínu að Háaleiti 26 og í framhaldi af neyslunni ekið upp á Suðurgötu og lítilla á aðra bifreið, sem þar stóð. Hvers vegna það var, vissi hann ekki, en taldi líklegt, að hann hefði verið að horfa eitthvað annað. Annars myndi hann óglöggt atvik.

Ákærði skýrði frá atvikum fyrir dómi á þá leið, að umrætt kvöld hefði hann verið við drykkju að Suðurgötu 38. Um kvöldið kvaðst hann hafa farið á bifreið sinni, Ö 3565, frá Suðurgötu og ekið sem leið liggur niður á Austurgötu, en þar lagði hann bifreiðinni. Ekki mundi hann glöggt, hvort hann fann til áfengisáhrifa við aksturinn, en taldi það líklegt. Kvaðst hann raunar muna lítið eftir þessari ökuferð, en sagði, að það væri örugglega rangt, að hann hefði ekið á bifreið á Suðurgötu, þar sem engar skemmdir sæjust á bifreiðunum.

Magn alkóhóls í blóðsýni, sem ákærða var tekið í þágu rannsóknar málsins, var 1.61‰ við ákvörðun þess með gasgreiningu á súlu.

Með framburði ákærða, niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, og

öðru því, sem fram er komið í málinu og hér hefur verið rakið, telst sannað, að ákærði hefur gerst sekur um akstur bifreiðarinnar Ö 3565 undir áhrifum áfengis frá Suðurgötu 38 og sem leið liggur að Austurgötu hér í bæ. Hefur hann þar með gerst brotlegur við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Í ákæru er sagt, að þessi akstur hafi hafist frá Háaleiti 26, en þar sem engum vafa er undirorpið við hvaða atvik er átt, kemur þetta ekki að sök, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Hins vegar þykir óvarlegt að telja sannað, að ákærði hafi orðið var áreksturs bifreiðar sinnar við Ö 3672 á Suðurgötu, enda voru skemmdir engar sjáanlegar. Ber því að sýkna hann af broti gegn 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 41. gr. umferðarlaga.

III.

Um kl. 0200 aðfaranótt sunnudagsins 6. júní 1976 stöðvuðu lögreglumenn ákærða við akstur bifreiðarinnar Ö 3565 á Kringlumýrarbraut í Reykjavík. Höfðu þeir áður veitt bifreiðinni athygli, þar sem hún rásaði til á veginum. Fundu þeir áfengisþef leggja frá vitum hans og færðu hann því á lögreglustöðina við Hverfisgötu til skýrslutöku hjá lögregluvarðstjóra. Að því loknu var honum tekið blóðsýni til ákvörðunar alkóhóls, og reyndist magn þess vera 1.91%.

Ákærði hefur borið, að umrætt sinn hafi hann verið að koma frá Langholtsvegi 198 og verið á leið heim til sín í Keflavík, er akstur hans á bifreiðinni Ö 3565 var stöðvaður á Kringlumýrarbraut. Kvaðst hann hafa neytt áfengis fyrir akstur þennan, en taldi sig hafa verið lítið ölvaðan.

Bifreiðaeftirlitsmaður framkvæmdi samdægurs skoðun á bifreið ákærða vegna slæms ástands hennar. Í skoðunargerð hans kemur fram, að í ófullnægjandi ástandi eða óhæfu var stefnuhljósmarki í mælaborði og aðalljós, hemlun var ójöfn og hemlafetill gekk of neðarlega. Þá var stöðuhemill lélegur svo og flauta, og auk þess var bifreiðin á negldum hjólbörðum. Bannaði eftirlitsmaðurinn notkun bifreiðarinnar, þar til hún yrði færð til endurskoðunar.

Af því, sem nú hefur verið rakið, framburði ákærða um áfengisneyslu hans, niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar og skoðunargerð bifreiðaeftirlitsmannsins, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem

á hann er borin í ákæru, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

IV.

Föstudagsnóttina 14. maí 1976, kl. 0230, var tilkynnt á lögreglustöðina, að Austin Mini 1000 bifreið væri ekið óvarlega um Háaleiti hér í bæ. Kvaðst tilkynnandinn, sem ekki lét nafns síns getið, halda, að hér væri um bifreið ákærða að ræða. Fóru lögreglumenn þegar að sinna þessu, óku að þáverandi heimili hans að Háaleiti 26, en urðu hvorki bifreiðar hans varir né annarra sömu gerðar þar í götunni. Nokkru síðar veittu þeir athygli bifreið hans, Ö 3565, þar sem hún stóð kyrrstæð á Suðurgötu 38 við Vatnsnesveg. Logaði ljós inni í bifreiðinni. Sáú þeir einn mann í henni, og sat sá undir stýri, en hann færði sig yfir í farþegasætið, er lögreglumennirnir nálguðust. Þekktu þeir hann sem ákærða í málinu, og er þeir inntu hann eftir því, hver væri ökumaður bifreiðar hans, sagði hann það vera Hafrúnu Albertsdóttur, sem nú væri inni á heimili sínu að Suðurgötu 38. Er lögreglumennirnir tóku hana tali skömmu síðar þarna, kvaðst hún í fyrstu hafa ekið bifreiðinni Ö 3565 nokkru áður frá Háaleiti 26, en síðan breytti hún frásögn sinni og kvað ákærða hafa ekið.

Ákærði og Hafrún voru bæði færð til lögreglustöðvar, þar sem varðstjóri tók af henni skýrslu, og síðan til læknis til tóku blóðsýna til alkóhólákvörðunar, en að því loknu í fangahús lögreglunnar í þágu rannsóknar málsins. Magn alkóhóls í blóði ákærða mældist 2.01‰ með gasgreiningu á súlu, en 1.74‰ í Hafrúnu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni, Ö 3565, frá Háaleiti 26 að Suðurgötu 38 í umrætt sinn að undangenginni áfengisneyslu. Hafi hann verið að aka Hafrúnu ásamt börnum hennar heim til hennar, þar sem enga leigubifreið hafi verið að fá. Ákærði kvaðst hafa fundið til verulegra áfengisáhrifa við akstur þennan.

Með játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar og öðru því, sem hér hefur verið rakið, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem á hann er borið í ákæru, og varðar brotið við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Í ákæru er rétt fært til refsíákvæða.

3.

Hinn 6. nóv. sl. var ákærði úrskurðaður í allt að 60 daga gæsluvarðhald, en hann hafði kvöldið áður veitt manni áverka með

hnífi, og einnig var hann grunaður um að hafa síðar um nóttina hótað öðrum manni lífláti og otað að honum hnífi. Auk þessara atvika var úrskurðurinn reistur á líkamsárásarmálum þeim, sem hér eru til meðferðar. Var ákærða jafnframt gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði á gæsluvarðhaldstíma þessum, og var Ásgeiri Karlssyni geðlækni falin sú rannsókn. Niðurstaða geðlæknisins er þessi:

„Ég tel, að Karl Sævar Baldvinsson sé ekki haldinn geðveiki (psychosis) né vangefinn. Greind hans er í góðu meðallagi. Hann er hins vegar haldinn persónuleika- og skapgerðartruflunum (passive-aggressive personality, aggressive type), sem lýsir sér fyrst og fremst sem ójafnvægi í stjórnun á geði og hvatrænni útstjórn, fyrst og fremst reiði, þannig að hjá Karli er reiði hans lengst af yfirborðskennd, honum lítið meðvituð og kemur þá fram sem hvatvísi og gífuryrði. Undir niðri er hann viðkvæmur, og reiði hans og sársauki getur brotist út á hömlulausan hátt undir áhrifum áfengis og öðru utanaðkomandi álagi við minnstu ertingu. Honum er ennfremur hættara við slíkri útrás sökum skapríkis síns og sérstæðra hugmynda og andstöðu við viðteknar venjur. Má því telja, að veikur geðvillubáttur sé fyrir hendi í persónuleika Karls. Taugaveiklunareinkenni koma ekki fram. Hvað geðlæknismeðferð viðvíkur mun meðferð, sem myndi hafa það að markmiði að bæta skapgerðar- og persónuleika Karls vera erfið eins og við flestar eða allar persónuleikatrufilanir, en hins vegar gæti stuðningsmeðferð (supportive psychotherapy) komið til greina, jafnframt því að gera tilraun til þess að auka innsæi Karls gagnvart eigin viðbrögðum og tilfinningum, ef samvinna fengist við hann. Karl Sævar Baldvinsson telst sakhæfur.“

4.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, 45. gr. áfengislaga svo og nefndum greinum almennra hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði með tilvísun til 77. gr. alm. hegningarlaga. Er þá einkum haft í huga, að árásin á Sigurð Friðriksson var tilefnislaus og hrottaleg.

Ákærði skal enn fremur sæta ökuleyfis sviptingu í tvö ár samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Gildir sviptingin frá 23. ágúst 1976, en þann dag var hann sviptur ökuleyfinu til bráðabirgða.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli gerir þær kröfur, að

ákærði verði dæmdur til að greiða embætti hans kr. 239.646 vegna fjarveru Sigurðar Friðrikssonar frá starfi sem lögreglumanns við embættið af völdum líkamsárásar ákærða. Segir hann kröfuna tilkomna vegna þess aukavinnukostnaðar, sem embættið varð að greiða vegna fjarverunnar, en samkvæmt læknisvottorði var Sigurður óvinnufær frá 31. maí — 18. júlí 1975. Auk þess krefst lögreglustjórinn lögboðinna vaxta frá 16. júlí 1975 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt kröfu þessari sem allt of hárri og ósanngjarnri eftir atvikum.

Rétt þykir að taka kröfu lögreglustjórans til greina með 13% ársvöxtum frá 16. júlí 1975 til greiðsludags, enda þykir hún studd fullnægjandi gögnum, og verður ekki séð, að heimild fjármálaráðuneytisins þurfi til, að lögreglustjórinn geti borið hana upp, svo sem verjandi ákærða staðhæfir.

Margnefnd Aðalheiður Hávarðsdóttir hefur einnig uppi bótakröfu á hendur ákærða. Sundurliðar hún kröfu sína þannig:

1. Vinnutap, 2 mánuðir	kr. 140.000
2. Bætur fyrir þjáningu og óþægindi	— 55.000
3. Lækniskostnaður o. fl.	— 5.000

Samtals kr. 200.000

Ákærði hefur ekki samþykkt þessar kröfur, en hefur lýst því yfir, að hann fallist á að greiða henni einhverjar sanngjarnar skaðabætur, eins og hann segir. Við lögreglurannsókn málsins bauðst hann að greiða kr. 50.000 í skaðabætur.

Þessi bótakrefjandi styður 1. lið í kröfu sinni þeim rökum, að hún hafi verið búin að fá loforð um starf hjá Kaupfélaginu Fram, Neskaupstað, en ekki komist austur samkvæmt áætlun vegna líkamsárásarinnar og hafi verið búin að ráða aðra stúlku í starfið, er hún loks kom austur. Hafi hún ekki fengið vinnu fyrr en í aprílbyrjun og þá í fiskverkun. Í bréfi kaupfélagsins til dómars, dags. 2. des. sl., segir, að Aðalheiður hafi beðið um atvinnu hjá félaginu, en ekki fengið loforð fyrir neinni vinnu. Með vísan til þessa þykir þessi kröfuliður ósannaður, og er honum vísað frá dómi.

Bætur samkvæmt lið 2 þykja hæfilega ákveðnar kr. 50.000 fyrir þjáningar Aðalheiðar og óþægindi, sem hún hafði af meiðslunum, en samkvæmt læknisvottorði átti hún í þeim í rúman hálfan mánuð. Er ákærði dæmdur til greiðslu fjárhæðarinnar.

Ekki liggja önnur gögn til grundvallar lið 3 en reikningur Arnbjarnar Ólafssonar læknis fyrir áverkavottorð, að upphæð kr. 1.750, og verður ákærði dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar. Alls er honum því gert að greiða kr. 51.750 til Aðalheiðar Hávarðsdóttur.

Við munnlegan flutning málsins kom fram, að ákærði hefur greitt bætur til Sigurðar Friðrikssonar.

Ákærði skal loks dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar málsins, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Gauts Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.

Munnlegur málflutningur vegna fyrri ákærunnar hafði verið ákveðinn 10. febrúar sl., en hann frestaðist sökum veikindaforfalla verjandans til 23. f. m. Af sömu ástæðum frestuðust skil verjandans á skriflegri vörn vegna seinni ákærunnar til 30. f. m.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Sævar Baldvinsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í tvö ár frá 23. ágúst 1976 að telja.

Ákærði greiði embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli kr. 239.646 auk 13% ársvaxta frá 16. júlí 1975 til greiðsludags. Einnig greiði hann Aðalheiði Hávarðsdóttur, Strandgötu 37, Eskifirði, kr. 51.750.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Gauts Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.